



HEILBRIGÐISEFTIRLIT
KJÓARSVÆÐIS

Alþingi
Erindi nr. P 127/2236

komudagur 5.6.2002

KJÓS



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

3. júní 2002

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjöarsvæðis um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Við er til bréfs dagsett þann 29. apríl 2002 þar sem óskað var eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjöarsvæðis um ofangreint frumvarp. Heilbrigðiseftirlit Kjöarsvæðis gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Almennt telur Heilbrigðiseftirlit Kjöarsvæðis að ekki komi nógu skýrt fram í lögnum hvað sé refsivert.

4. gr. 2. mgr. „annast“ er tvítekið.

Heilbrigðiseftirlit Kjöarsvæðis telur eðlilegra að Hollustuvernd ríkisins hafi það hlutverk að setja reglur og að Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafi með höndum allt eftirlit og sjái til þess að reglum sé framfylgt. M.ö.o. óeðlilegt er að sami aðili setji reglur og sjá til þess að þeim sé framfylgt.


8. gr. h-liður. Heilbrigðiseftirlit Kjöarsvæðis vekur athygli á að gengið er lengra en áður í að krefja starfsfólk um að það sanni hæfni sína í starfi. Til samanburðar er ekki spurt um hæfni eiganda bifreiðaverkstæðis til að reka bifreiðaverkstæði.

10 gr. Ný málsgrein: „Óheimilt er að geyma báta, kerrur, skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, tæki vinnuvélar eða aðra hluti á opinberum bifreiðastæðum, við götur eða á almannafæri. Heimilt er að fjarlægja slíka hluti á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni viðvörun t.d. með álímingarmiða“. Heilbrigðiseftirlitið telur að setja þurfi inn ríkari lagastoð fyrir því þegar tæki eru fjarlægð sbr. hér að ofan. Heilbrigðiseftirlitið leggur til greininni verði bætt við lagatextann.

21. gr.

Heilbrigðiseftirlit Kjöarsvæðis telur nauðsynlegt að ef Hollustuvernd ríkisins felur heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga eftirlit þá fari Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga jafnframt með ábyrgð á beitingu þvingunarúrræða. Nauðsynlegt er að kröfur á hendur fyrirtækjum og framfylgni þessara sömu krafa með þvingunarúrræðum haldist í hendur, annars er hætt við að framkvæmdin dragi úr trúverðugleika eftirlitsins.

Virðingarfyllst,


Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri.

STARFSSVÆÐI: KJÓSARHREPPUR • MOSFELLSBÆR • SELTJARNARNES

ADSETUR: Þverholt 2, 270 Mosfellsbær • Sími: 525 6795 • MYNSENDIR: 525 6799 • KENNITALA: 460290-2529

HEIMASÍÐA: www.eftirlit.is • NETFÖNG: thn@mos.is og ad@mos.is